



UMHVERFISSTOFNUN

**Stjórn vatnamála og
vatnasvæðisnefndir**

Kynningarfundur Umhverfisstofnunar 31. jan. 2012 fyrir vatnasvæðisnefnd á vatnasvæði 4 (SV og V land)



Fundarstjóri: Gunnlaug H. Einarsdóttir, sviðsstjóri.
Ritari: Þórey J. Pétursdóttir, ritari.

Dagskrá fundar

- **Opnun fundar** (5 mín): Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar.
- **Löggjöfin um stjórn vatnamála** (20 mín): Heiðrún Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri.
 - Gert ráð fyrir spurningum úr sal.
- **Drög að áfanga- og verkáætlun vegna stjórnar vatnamála** (15 mín): Tryggvi Þórðarson, sérfræðingur. Drögin að áætluninni verða afhent á fundinum.
 - Gert ráð fyrir spurningum úr sal.
- **Kaffihlé: 15:00 - 15:15**
- **Vatnasvæði Íslands og vatnasvæðisnefndir** (25 mín): Jóhanna Björk Weisshappel, sérfræðingur.
- **Umræður um skipulag vinnu vatnasvæðisnefnda** (20 mín).
- **Fundarlok:** kl. 16:00






UMHVERFISSTOFNUN

Löggjöfin um stjórn vatnamála

Heiðrún Guðmundsdóttir



Ný löggjöf um stjórn vatnamála árið 2011



Markmið laga um stjórn vatnamála

- Að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.
- Að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.
- Markmiðum náð með vatnaáætlun fyrir allt landið.






Hvað er vatn skv. skilningi laganna?

- Vatn er allt yfirborðsvatn og grunnvatn
 - ár (straumvötn)
 - stöðuvötn
 - árósar og sjávarlón
 - strandsjór (út að 1 sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar)
 - jöklar
 - grunnvatn




Nýyrði: Vatnshlot

Eining vatns, s.s. allt vatn sem er að finna í einu stöðuvatni, á eða strandsjó.



Skilgreind vatnshlot á Suðvesturland/Vesturland




<http://vann-nett.nve.no/statistikk/>

Frá Veðurstofu Íslands, BBB.



UMHVERFISSTOFNUN

Ítrekunarferli við flokkun





Stjórn vatnamála (1)

- Samningar við samstarfsstofnanir
 - Veðurstofa Íslands
 - Flokkun vatnshlota og eiginleikagreining
 - Upplýsingakerfi
 - Veiðimálastofnun
 - Vistfræðileg flokkun vatnshlota
 - Hafrannsóknastofnunin
 - Flokkun strandsjávar
 - Orkustofnun
 - Flokkun grunnvatns





Stjórn vatnamála (2)


- Vatnaráð
- Vatnasvæðisnefndir (fjórar)
- Ráðgjafanefndir (tvær)
 - Fagstofnana
 - Hagsmunaaðila og almennings
- Umhverfisstofnun er samræmingaraðili og í forsvari fyrir nefndirnar





UMHVERFISSTOFNUN

Áfangar til að ná árangri



Unnið er samkvæmt flýtiáætlun.





UMHVERFISSTOFNUN

Vatnaáætlun – til hvers?



Aðgerðaráætlun og samræmd vöktunaráætlun



Vöktunaráætlun er hluti af vatnaáætlun

Yfirlitsvöktun

- Yfirlitsvöktun fyrir viðmiðunarástand hverrar gerðar vatnshlota.

Aðgerðavöktun


- Þar sem vistfræðilegt- eða efnafræðilegt ástand vatnshlots er ekki viðunandi og úrbóta er þörf.

Rannsóknavöktun

- Eftir mengunarslys.
- Þegar uppruni mengunar er óþekktur.

Núverandi vöktun haldið áfram þar til ný áætlun hefur verið samþykkt.

Stjórnvöld og aðrir þátttakendur



Nytsamar vefslóðir

- www.vannportalen.no
- [http://www.vannportalen.no/enkel.aspx?
m=31151](http://www.vannportalen.no/enkel.aspx?m=31151)
- <http://vann-nett.nve.no/statistikk/>
- <http://www.sepa.org.uk/water.aspx>





UMHVERFISSTOFNUN

Áfanga- og verkáætlun fyrir gerð vatnaáætlunar 2011-2015

Tryggvi Þórðarson



Drög að áfanga- og verkáætlun

- Mælt er fyrir um áætlunina og kynningu hennar í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.
- Tímasett áætlun fyrir vinnu að gerð **vatnaáætlunar** fram til 2015 (skv. flýtimeðferð). Tímasetningar verkliða eru á bls. 34.
- **Vatnaáætlunin** er meginstjórnþæki við stjórn vatnamála og lokafurð á innleiðingarferlinum.





Tilgangur með áætluninni

- Gera grein fyrir megindráttum vinnuferlisins við gerð vatnaáætlunar.
- Upplýsa um tímasetningar og opinberar kynningar og samráð í ferlinum.
- Kynna stjórnvöld vatnamála og hlutverk þeirra.





UMHVERFISSTOFNUN

Kynning draga að áfanga- og verkáætlunar

- Stuðlað að þátttöku almennings og hagsmunaaðila við mótun vinnuferlisins.
- Opinber kynning á drögumum stendur nú yfir (3. nóv. 2011 - 2. maí 2012).
- Tækifæri fyrir almenning og hagsmunaaðila að hafa áhrif á hvernig verkefnið er unnið.
- Athugasemdir eða ábendingar skulu sendar til UST á kynningartímanum. Berist skriflega á ust@ust.is eða með almennum pósti.



Almenn aðkoma

- Markhópur áfanga- og verkáætlunar:
 - Allir sem áhuga hafa á málefnum.
- Áætlunin leggur línurnar fyrir vinnuna framundan
 - Bæði verklag og tímasetningar.
- Tryggir hagsmunaaðilum og almenningi aðkomu.
- Kynningin gerir þetta að sameiginlegri áætlun þeirra sem vinna að innleiðingunni.
 - Sami skilningur á því hvað gera á og hvenær.
 - Minni hætta á ágreiningi síðar.
- Að lokinni kynningu verða drögin endurskoðuð m.t.t. athugasemda, gefin út og kynnt ásamt greinargerð um athugasemdirnar og notkun þeirra.



Kostir almennrar aðkomu

- Margir koma að gerð áætlunarinnar.
- Sátt og sameiginlegur skilningur.
- Allir draga vagninn í sömu átt.
- Svipaðar væntingar verða til vatnaáætlunar en hún er meginstjórnþæki við stjórn vatnamála og lokafurð á innleiðingarferli fyrir stjórnkerfi vatnamála.



Efnisatriði áfanga- og verkáætlunar


• Formáli	3
• Nýtt fyrirkomulag í stjórn vatnamála	4
• Tilgangur áfanga- og verkáætlunarinnar	5
• Umhverfismat vatnaáætlunar	6
• Þátttaka almennings	7
• Stjórnvöld og aðrir þátttakendur	9
• Framkvæmd og fjármögnun	16
• Meginatriði vatnsstjórnunarkerfisins	16
• Verkefni og aðferðir á innleiðingartímanu	24
• Tímaáætlun áfanga og verkþátta	32
• Viðauki I. Tengiliðir vegna stjórnar vatnamála	43
• Viðauki II. Stjórnvöld og þátttakendur	48
• Viðauki III. Mikilvæg orð og orðasambönd	52





UMHVERFISSTOFNUN

Opinberar kynningar við stjórn vatnamála



- Áfanga- og verkáætlunin: 3. nóvember 2011 til 2. maí 2012.
- Bráðabirgðayfirlit yfir mikilvæg atriði í vatnaáætlun: 1. október 2012 til 31. mars 2013.
- Tillaga að vatnaáætlun: 1. júlí 2014 til 1. júlí 2015.



UMHVERFISSTOFNUN

Vatnasvæði Íslands og vatnasvæðisnefndir


Jóhanna Björk Weissshappel



Ísland er eitt vatnaumdæmi og fjögur vatnasvæði

Meginreglan:
Vatnaskil ráða
skiptingu milli
vatnasvæða.

Mörk vatna-
svæðis 4 til
norðurs fylgja
vatnaskilum á
Snæfellsnesi.







UMHVERFISSTOFNUN

Skipting milli vatnasvæða 3 og 4:

Vatnaskil réðu yfirleitt skiptingunni. Ákveðið var í vinnuhópi VÍ og UST að láta ármót Sogsins og Hvítár ráða skiptingunni suður af Þingvallavatni.




Mörk vatnasvæða, HES og stjórnsýslu



Fulltrúar í vatnsvæðisnefnd

Æskilegt að fulltrúar sitji innleiðingartímabilið 2011-2015.



Hlutverk vatnasvæðis- nefnda fyrsta árið, 2012

- Safna upplýsingum í bráðabirgðayfirlit um helsta álag á vatn og áhrif af starfsemi manna á ástand vatns á vatnsvæðinu.
 - Er grunnur í stöðuskýrslu og vatnaáætlun fyrir landið.
 - Viðbót við upplýsingar HES og UST um álag.
 - Heimamenn þekkja svæðið best!
 - Opinber kynning okt. 2012 – apr. 2013.
Ábendingar/athugasemdir skulu sendar til UST.





Dæmi um álag á vatn og áhrif

Mengun

- Bein losun/mengun: T.d. frá iðnaði/fyrirtækjum, og fráveitur og skólp.
- Dreifð losun/mengun: T.d. umferð, áburðanotkun, rotþær.

Annað álag

- Breyting á rennsli og farvegum áa, breyting á strandlengjum: T.d. stíflur, rennslisstýring, virkjanir og flóðavarnir.
- Vatnstaka.

Möguleg áhrif

- Er óhætt að nýta sjávarfang við allar strendur?
- Er fólki óhætt að synda í sjó við allar strendur?
- Hefur orðið vart við þörungablóma í vötnum?
- Hefur fisk í ám/vötnum fækkað?
- Hefur orðið breyting á magnstöðu grunnvatns?

Efni stöðuskýrslu

skv. 23. gr. laga 36/2011





Upplýsingakerfi í undirbúningi

Upplýsingar um álag
á vatn
(álagsgreining)

Upplýsingar um
vatnshlot og gerðir
vatnshlota

Öllum tiltækum upplýsingum
um vatn safnað saman
Hægt verður að tengja
gagnagrunna saman í einn

Upplýsingar um
flokkun á ástandi
yfirborðsvatnshlota

Upplýsingar um
flokkun á ástandi
grunnvatns og
magnstöðu þess

Eldri flokkun vatns í
fullu gildi, vistfræðileg
flokkun mun ýtarlegri
en eldri flokkun.

Efni fyrstu vatnaáætlunar



UMHVERFISSTOFNUN

2016-2021

skv. 19. gr. laga 36/2011



Hugmyndir um vinnuaðferðir í vatnasvæðisnefndum?

- Unnið með kort og lista yfir þekkt álag á vatnasvæðinu.
- Unnið með gátlista fyrir viðbótar upplýsingar um álag:
 - Heimavinna mikilvæg á milli funda (gátlistar).
 - Eru einhver umhverfisvandamál á vatnasvæðinu?
 - Álagsvaldar?



Fyrstu drög að gátlista



1. Yfirlit yfir þekkt álag á ár, læki, stöðuvötn, árósa, sjávarlón, strandsjó (fjörur/strandsvæði)

Gerð álags	Staðir/svæði (t.d. staðarnafn, nafn áa, stöðuvatna, strandsvæðis, kennileiti).	Álagsvaldar?
Vegna frárennslis, skólps og rotþróa á þéttbýlissvæðum og í frístundabyggðum		
Sýnileg áhrif; fitubrák, froða, skán, rusl o.fl.:		
Lífræn mengun (magn saurkóligerla yfir mörkum):		
Ofauðgun vegna næringarefna (þörungavöxtur):		
Vegna frárennslis og skólps frá iðnaði/fyrirtækjum		
Sýnileg áhrif; fitubrák, froða, skán, úrgangur, rusl o.fl.:		
Flæðigryfjur, frágangur gryfju, sýnileg áhrif, rusl o.fl.		
Lífræn mengun (magn saurkóligerla yfir mörkum):		
Ofauðgun vegna næringarefna (aukinn þörungavöxtur):		
Sýnileg neikvæð áhrif á lífríki. Myndi settjörn neðan við fyrirtækið minnka álagið?:		
Vegna umferðar skipa/báta, hafnarstarfsemi og slippasvæða (skipasmíðastöðva)		
Sýnileg áhrif; olíubrák, fitubrák, froða, úrgangur, rusl, lélegt ástand lífríkis o.fl. (mengunarvandamál við hafnir?).		
Vegna frárennslis/skólps og rotþróa frá dreifbýli		
Sýnileg áhrif; fitubrák, froða, skán, rusl o.fl.:		
Lífræn mengun, magn saurkóligerla yfir mörkum:		
Ofauðgun vegna næringarefna (aukinn þörungavöxtur):		
Vegna landbúnaðar/ræktunar túna, landgræðslu, skógræktar		
Ofauðgun vegna lífræns/ólífræns áburðar (aukinn þörungavöxtur):		

Gátlisti, fyrstu drög, frh.



UMHVERFISSTOFNUN

Gerð álags	Staðir/svæði (t.d. staðarnafn, nafn áa, stöðuvatna, strandsvæðis, kennileiti).	Álagsvaldar?
Vegna umferðar		
Sýnileg neikvæð áhrif á lífríki (þang, annan gróður eða dýralíf). Myndi settjörn við umferðagötuna minnka álagið?:		
Vegna urðunar úrgangs (urðunarstaðar)		
Sýnileg neikvæð áhrif á lífríki (þang, annan gróður eða dýralíf). Myndi settjörn neðan urðunarstaðar minnka álagið?:		
Vegna efnistöku		
Sýnileg neikvæð áhrif á lífríki, t.d. hrygningarstaðir fiska farið forgörðum?		
Hefur orðið breyting á farvegi áa?		
Vegna vatnasafsvirkjana eða flóðavarna		
Hefur orðið breyting á rennsli og farvegi áa, t.d. vegna stíflugerðar, flóðgarða eða stýringar á rennsli, eða breyting á strandlengju vegna athafna manna?		
Hefur fisk í ám/vötnum fækkað?		
Vatnstaka		
Hefur orðið breyting á magnstöðu grunnvatns vegna vatnstöku eða jarðvarmavirkjunar?		





Hugmyndir að einföldun á vinnu í vatnsvæðisnefndum

- Hugmynd frá nokkrum sveitarfélögum: Skipta vatnsvæðum í minni svæði?
 - Vatnsvæði 4: Skipting við Hvalfjörð.
 - Vinnufundir nær fulltrúunum, heima í héraði.
- Vinnuhópar um ákveðin álagssvæði, t.d. um Elliðavatn og grunnvatn á Reykjanesskaga?
- Skv. 6. gr. reglug. 935/2011 er heimild að stofna stýrihóp innan vatnsvæðisnefnda til að samræma framkvæmd vinnunar.



Fjöldi funda í vatnasvæðisnefnum

- Tveir vinnufundir árið 2012:
 - Tímasetning: Apríl og sept.
 - Hugmynd um staðsetningu: Hafnarfjörður og Borgarnes (skipting í tvö minni svæði).
- Að lágmarki einn vinnufundur á ári eftir það.





UMHVERFISSTOFNUN

Hlutverk vatnasvæðis- nefnda 2013-2015



- **2013:** Tillaga að umhverfismarkmiðum um að ná góðu ástandi/viðhalda núverandi ástandi vatns:
 - Mögulegt að skipta vatnasvæðinu niður, setja jafnvel markmið fyrir einstök vatnshlot.
- **2014-2015:** Útbúa aðgerðaráætlun til að ná umhverfismarkmiðum, forgangsröðun:
 - T.d. bæta frárennslis- og skólpmál.
 - Aðgerðir hefjist eftir 2018 skv. flýtimeðferð.



Umhverfismarkmið

Umhverfismarkmiðum skal náð fyrir árslok 2021.
Eru einhver vatnshlot sem hætt er við að nái ekki umhverfismarkmiðum fyrir þennan tíma (frestur)?

Flokkar ástands			Umhverfis- markmið
Vistfræðilegt ástand¹⁾	Efnafræðilegt ástand²⁾	Magnstaða³⁾	
Yfirborðs- vatnshlot	Yfirborðs- og grunnvatnshlot	Grunnvatnshlot	
Mjög gott	Gott	Góð	Náð
Gott			
Ekki viðunandi	Nær ekki góðu efnafræðilegu ástandi	Slök	Ekki náð
Slakt			
Lélegt			





Setja má vægari umhverfismarkmið

- Skv. 16. gr. laga um stjórn vatnamála:
“Ákveða má vægari umhverfismarkmið ef vatnshlot er undir slíku álagi að ógerlegt eða óhóflega dýrt er að uppfylla kröfur um umhverfismarkmið”.
 - Dæmi: Virkjaðar ár
 - Skilyrði: Ástand versni ekki, falli ekki um flokk.



Umræður um skipulag vinnu vatnasvæðisnefnda

- Skipta vatnasvæðum upp í minni svæði?
- Vinnufundir, gátlistar og heimavinna?
- Vinnuhópar um ákveðin álagssvæði?
- Stýrihópur innan vatnasvæðisnefndar?





Lokaorð

- Mikilvægt að fá ykkur með í vinnu við kortlagningu álags á vatn, gerð aðgerðaáætlunar og vatnaáætlunar.
- Þið þekkið svæðið best!
- Gagnagrunnar um vatn
 - verða aðgengilegir sveitarfélögum og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga.
 - Geta nýst sem verkfæri í vinnu sveitarfélaga í atvinnumálum, framtíðarnýtingu, ferðaþjónustu o.fl.

